



EUROPEAN FREE TRADE ASSOCIATION

RÁÐHERRAFUNDUR FRÍVERSLUNARSAMTAKA EVRÓPU, GENF, 3. DESEMBER 2007

FRÉTTATILKYNNING

Ráðherrar EFTA-ríkjanna sögðu fagnaðarefni að lokið væri sameiginlegri hagkvæmnikönnun Indlands og EFTA sem leitt gæti til viðræðna um fríverslunarsamning síðar. Ráðherrarnir lýstu jafnframt ánægju sinni með góðan árangur sem náðst hefði í fríverslunarviðræðum við aðildarríki Samstarfsráðs Persaflóaríkja, Kólumbíu og Perú og sögðust bjartsýnir á að þeim viðræðum mætti ljúka farsælega. Þeir sögðust einnig vænta góðs af gildistöku fríverslunarsamnings við Egypta hinn 1. ágúst 2007 og væntanlegri gildistöku fríverslunarsamnings við tollabandalag Suður-Afríkuríkja (SACU).

Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) héldu fund með ráðherrum aðildarríkjanna í Genf hinn 3. desember 2007 undir forsæti Dag Terje Andersen, viðskipta- og iðnaðarráðherra Noregs.

Ráðherrarnir ítrekuðu eindreginn vilja sinn til að efla fjölbjóðlegt viðskiptakerfi og ljúka svonefndum Doha-viðræðum á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og sögðu vonbrigði hversu lítill árangur hefði orðið af Doha-viðræðunum enn sem komið væri. Þeir staðfestu einnig það álit að fríverslunarsamningar væru traustur grundvöllur fyrir því að auka aðgang að mikilvægum mörkuðum erlendis og efla samvinnu EFTA og samstarfsríkja samtakanna á sviði efnahagsmála.

Ráðherrar EFTA-ríkjanna luku lofsorði á sameiginlega hagkvæmnikönnun á vegum Indverja og EFTA-ríkjanna, en samkvæmt niðurstöðum hennar myndu báðir aðilarnir hafa hag af viðtækum samningi um viðskipti og fjárfestingar.

Ráðherrarnir sögðu ánægjulegt að komið væri að undirritun fríverslunarsamnings við Kanada snemma á árinu 2008. Þeir lýstu einnig ánægju sinni með árangur sem náðst hefði í viðræðum við Kólumbíu og Perú. Þeir létu þess jafnframt getið að góður árangur hefði náðst í viðræðum við aðildarríki Samstarfsráðs Persaflóaríkja¹, og lýstu þeirri von að ljúka mætti viðræðunum á árinu 2008. Ráðherrarnir sögðust vænta þess að viðræður um fríverslun við Taflendinga hæfust aftur á árinu 2008 eftir að lýðræðislegar kosningar eru um garð gengnar.

Þeir lýstu ánægju sinni með upphaf viðræðna milli EFTA og Alsír í nóvember og staðfestu að markmiðið væri að ljúka þeim viðræðum sem fyrst.

¹ Í samstarfsráðinu eru eftirtalin ríki: Barein, Kúveit, Óman, Katar, Sádí-Arabía og Sameinuðu arabísku furstadæmin

Ráðherrarnir létu þess getið að undirbúningi fyrir fríverslunarviðræður við Albana og Serba miðaði vel. Þeir voru sömuleiðis á einu máli um að huga bæri að efldum viðskiptatengslum við Svartfjallaland. Ráðherrarnir vísuðu einnig til áhuga síns á að leggja grundvöll að fríverslunarviðræðum við Rússa og Úkraínumenn, er hafist gætu um leið og þessar þjóðir lykju viðræðum um aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Að því er Indónesíu varðaði lýstu ráðherrarnir ánægju sinni með starf sem unnið hefði verið á vegum sameiginlegs starfshóps um viðskipti og fjárfestingar og tóku fram að EFTA-ríkin væru þess albúin að hefja viðræður um víðtækan viðskiptasamning um leið og því yrði við komið. Ráðherrarnir ítrekuðu enn áhuga sinn á að styrkja tengsl EFTA-ríkjanna og Malasíu á sviði viðskipta og fjárfestinga.

Ráðherrarnir skiptust á skoðunum um kosti þess að koma á fríverslun við Kína og Japan. Þeir lögðu áherslu á að viðskipti við þessi ríki væru afar mikilvæg einstökum aðildarríkjum EFTA og samtökunum sjálfum.

Þeir sögðust vænta góðs af gildistöku fríverslunarsamnings við Egypta hinn 1. ágúst á þessu ári og væntanlegri gildistöku fríverslunarsamnings við tollabandalag Suður-Afríkuríkja (SACU).²

Ráðherrar EFTA-ríkjanna héldu einnig fund með þingmannanefnd EFTA til að ræða fríverslunarsamskipti og þróun mála í tengslum við EES-samninginn.

Eftirtaldir ráðherrar sátu fundinn:

Noregur: Dag Terje Andersen, viðskipta- og iðnaðarráðherra (stýrði fundi)

Ísland: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra

Liechtenstein: Rita Kieber-Beck, utanríkisráðherra

Sviss: Doris Leuthard, sambandsráðherra, yfirmaður efnahagsráðuneytis sambandslýðveldisins

² Botswana, Lesotho, Namibía, Suður-Afríka og Svasíland.